

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 4. febrúar 2020.

Mál nr. E-1319/2019:

**Protabú Skelfiskmarkaðarins ehf.**  
(*Gunnlaugur Garðarsson lögmaður*)  
**gegn**  
**Bitter ehf.**  
(*Gunnar Egill Egilsson lögmaður*)

## Dómur:

Mál þetta var höfðað 5. september 2019 og dómtekið 29. janúar 2020 að loknum munnlegum málflutningi. Stefnandi er Protabú Skelfiskmarkaðarins ehf., Kringlunni 7, Reykjavík. Stefndi er Bitter ehf., Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Stefnandi krefst riftunar á 6.719.095 króna greiðslu skuldar hins gjaldþrota félags við stefnda er fram fór með afhendingu 149 stóla til stefnda og eftirfarandi útgáfu kreditreiknings sömu fjárhæðar frá stefnda til hins gjaldþrota félags. Þá verði stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 6.719.095 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. mars til 24. júní 2019, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Loks verði stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess að dómur kveði á um að stefnda verði gert að skila greiðslum sem inntar voru af hendi til hans og til þrautavara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

### I.

Stefndi rekur verslunina Parka í Kópavogi, sem sérhæfir sig í sölu húsbúnaðar, innréttinga, gólfefna og fleira. Sumarið 2018 undirbjó Skelfiskmarkaðurinn ehf. opnun nýs veitingastaðar, Skelfiskmarkaðarins, við Klapparstíg 28-30 í Reykjavík og keypti í því skyni vörur af stefnda fyrir samtals 55.017.500 krónur.

Meðal hins keypta var 151 stóll fyrir nýja veitingastaðinn, sem hóf rekstur í lok ágúst 2018. Samkvæmt reikningi stefnda nr. 3949 (dómskjal 3) fóru stólakaupin fram 14. ágúst og var kaupverð krónur 13.578.190 með virðisaukaskatti. Eindagi greiðslu var 10. september. Neðst á reikningnum segir í stöðluðum texta að varan sé eign stefnda þar til hún er að fullu greidd.

Fljótlega tók að halla undan rekstri Skelfiskmarkaðarins og fór svo að honum var lokað 4. mars 2019. Sama dag tók eigandi húsnæðisins, Þingvangur ehf., við lykлавöldum að Klapparstíg 28-30. Héraðsdómur Reykjavíkur móttók kröfu Skelfiskmarkaðarins ehf. um gjaldþrotaskipti 29. mars og var þú þess tekið til gjaldþrotaskipta 3. maí.

Eftir lokun staðarins en áður en gjaldþrotaskipta var krafist hafði stefndi samband við eiganda húsnæðisins og hleypti hann stefnda inn í húsnæðið. Þar tók stefndi til baka 149 af 151 keyptum stól og gaf út kreditreikning til Skelfiskmarkaðarins 25. mars 2019. Þar segir að stólarnir séu teknir til baka með 50% afföllum vegna notkunar og slita og er verðmæti stólanna þannig metið 6.719.095 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Í framhaldi lýsti stefndi almennri kröfu í þrotabú stefnanda 22. maí og nam hún 18.787.400 krónum, að teknu tilliti til heildarinnborgana og að frádregnum 6.777.326 krónum samkvæmt kreditreikningum. Alls námu lýstar kröfur í þrotabúið 295.119.156 krónum; þar af námu forgangskröfur 14.905.678 krónum en almennar og eftirstæðar kröfur samtals 280.213.478 krónum.

Ágúst Reynisson stjórnarformaður og annar tveggja prókúruhafa hins gjaldþrota félags gaf ásamt tveimur öðrum fyrirsvarsmönnum félagsins sameiginlega skýrslu þrotamanns hjá skiptastjóra 9. maí 2019. Aðspurðir um eignir félagsins er haft eftir þeim: „Parki var með veð í tækjum (stólum?)“. Aðspurðir sögðu þeir engar eignir hafi verið seldar. „Hins vegar tók Parki 80-100 stóla, með aðkomu leigusala húsnæðisins, eftir lokun gegn lækkun skulda félagsins á móti. Sagt vera á grundvelli veðs.“

Daginn eftir ritaði skiptastjóri stefnda bréf og kvaðst hafa þær upplýsingar frá fyrirsvarsmönnum hins gjaldþrota félags og leigusalanum Þingvangi ehf. að stefndi hafi eftir lokun veitingahússins komið á staðinn og tekið umrædda stóla upp í skuld félagsins við Parka. Taldi skiptastjóri að hér gæti verið um ólögmeta ráðstöfun að ræða og óskaði eftir gögnum er styddu að stefnda hafi verið þetta heimilt.

Í svarbréfi stefnda 17. maí er greint frá því að umræddir stólar hafi verið keyptir með skýrum áskilnaði um söluveð, þ.e. að þeir væru eign stefnda þar til varan væri að fullu greidd og í því sambandi vísað til laga nr. 75/1997 um samningsveð, einkum 42. gr. Á þessum grunni hafi fyrirsvarsmenn hins gjaldþrota félags afhent stefnda stólana í mars 2019. Svarbréfinu fylgdi framlagður reikningur á dómskjali 3.

Spunnust út af þessu frekari bréfaskipti sem óþarft er að rekja að öðru leyti en því að skiptastjóri hafnaði strax þeim skilningi stefnda að reikningur nr. 3949 fullnægði skilyrðum laga nr. 75/1997 til að teljast samningur um söluveð og því bæri stefnda að

skila stólunum eða greiða þrotabúinu skráð virði þeirra, krónur 6.719.095. Þar sem ekki náðist saman í ágreiningi aðila var mál þetta höfðað.

Í málinu liggja fyrir tvö önnur eintök af reikningi nr. 3949 (dómskjöl 18 og 21). Stefndi lagði fyrra eintakið fram undir rekstri málsins og er það samhljóða dómskjali 3 að öðru leyti en því að við hlið prentaða textans „Athugið að vara þessi er eign Bitter ehf. þar til hún er að fullu greidd“ stendur handritað „*Staðfest Ágúst Reynisson*“. Þriðja eintakið lagði stefnandi fram í upphafi aðalmeðferðar og er það samhljóða dómskjali 3 að öðru leyti en því að á reikninginn hefur verið handfærður bókhaldslykill „F18-00774“. Að sögn bókara hins gjaldþrota félags er hér um frumrit reikningsins að ræða.

Ágreiningur aðila snýst fyrst og fremst um það hvort sala á títtnefndum stólum 14. ágúst 2018 hafi verið háð eignarréttarfyrirvara í skilningi laga nr. 75/1997 og hvort stefnda hafi á þeim grunni verið heimilt að taka 149 stóla til baka upp í skuld hins gjaldþrota félags. Jafnframt er um það deilt hvort ráðstöfun stólanna til stefnda sé riftanleg á grundvelli laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og í því sambandi, hvað nákvæmlega felist í orðasambandinu „ráðstöfun þrotamanns“. Að því er síðastgreint atriði varðar liggja fyrir tölvupóstsamskipti lögmanns stefnanda og Ágúst Reynissonar frá desember 2019, en samkvæmt þeim mun stefndi hafa óskað eftir því við Ágúst eða fólk á hans vegum að fá stólana til baka, Ágúst og hans fólk verið sammála því að stefndi ætti stólana uns þeir væru að fullu greiddir og þess vegna hafi þau haft samband við leigusala og beðið hann um að hleypa stefnda inn í húsnæðið að Klapparstíg 28-30 til að taka stólana.

## II.

Stefnandi byggir kröfu um riftun á því að skráður eignarréttarfyrirvari í útgefnum reikningi stefnda 14. ágúst 2018 uppfylli ekki skilyrði G. kafla laga nr. 75/1997, sér í lagi 38. gr., þannig að stofnast hafi til fullgilds söluveðs í skilningi laganna. Samkvæmt 38. gr. sé það ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að um gilt söluveð eða eignarréttarfyrirvara sé að ræða, sem njóti réttarverndar, að aðilar hafi gert með sér skriflegan samning og að hann hafi verið undirritaður af þeim báðum í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins 14. ágúst. Einhliða og óundirrituð yfirlýsing stefnda um söluveðrétt eða eignarréttarfyrirvara, prentuð á söluveikning, hafi þannig enga þýðingu að lögum og breyti þar engu þótt Ágúst Reynisson hafi síðar ritað nafn sitt á afrit reikningsins. Þá sé réttarvernd 38. gr. laga nr. 75/1997 einnig því háð að fyrir liggi riftun söluveðssamnings vegna vanskila, annað hvort samkvæmt heimild í veðsamningnum sjálfum eða á

grundvelli almennra reglna, en þetta sé forsenda fyrir því að veðhafi geti krafist afhendingar hins veðsetta úr hendi veðsala. Í tilviki því sem hér um ræðir liggi hvorki fyrir veðsamningur né yfirlýsing stefnda um riftun á stólakaupunum.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum beri að líta svo á að afhending stólanna til stefnda upp í skuld stefnanda sé greiðsla skuldar með óvenjulegum greiðslueyri og sé hún því riftanleg ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Breyti engu í því sambandi þótt fyrirvarsmenn hins gjaldþrota félags hafi ekki afhent stólana í eigin persónu heldur hafi ráðstöfun stólanna farið fram gegnum leigusala félagsins, sem hafði á þeim tíma einn lyklavöld að húsnæðinu.

Stefnandi byggir nánar á því að umrædd ráðstöfun og greiðsla með stólunum hafi í senn verulega skert greiðslugetu stefnanda og möguleika annarra kröfuhafa til að fá fullnustu krafna sinna úr þrotabúinu, en lýstar forgangskröfur nemi 14.905.678 krónum. Með móttöku stólanna og útgáfu kreditreiknings skömmu fyrir frestdag hafi stefndi fengið fullnægt 6.719.095 króna greiðslu upp í eigin kröfu á hendur búinu og um leið mismunað öðrum kröfuhöfum, en það stríði gegn meginreglu gjaldþrotaskiptaréttar um jafnræði kröfuhafa. Þótt huglæg afstaða stefnda skipti ekki máli við mat á riftanleika nefndrar ráðstöfunar er á því byggt að stefnda hafi með hliðsjón af atvikum ekki getað dulist ógjaldfærni stefnanda þegar ráðstöfunin fór fram, enda þá búið að loka veitingastað stefnanda vegna rekstrarerfiðleika og yfirvofandi gjaldþrots.

Stefnandi byggir riftunarkröfu einnig á 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga, en samkvæmt henni megi krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt er einum kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa eða leiða til þess að eignir þrotamanns verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Ljóst sé að umrædd ráðstöfun leiddi til þess að stólarnir voru ekki til reiðu til fullnustu krafna þegar bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta og hafi stefndi augljóslega vitað eða mátt vita um ógjaldfærni stefnanda þegar hann móttók stólana fyrir milligöngu leigusala stefnanda eftir lokun umrædds veitingastaðar. Í ljósi þeirra kringumstæðna og grandsemi stefnda leiki enginn vafi á því að um ótilhlýðilega ráðstöfun var að ræða og sé hún því riftanleg á grundvelli 141. gr.

Stefnandi byggir fjárkröfu sína á því að hann hafi orðið fyrir 6.719.095 króna tjóni með því að stefndi notaði þá fjárhæð sér til hagsbóta til lækkunar á kröfu sinni á hendur þrotabúinu og hafði í för með sér að samsvarandi eignir, stólarnir 149, stóðu ekki búinu til ráðstöfunar til fullnustu kröfuhöfum. Verði riftun staðfest á grundvelli 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga byggji fjárkrafan á 1. mgr. 142. gr. laganna, en verði riftun staðfest

á grundvelli 141. gr. byggji fjárfrafan á 3. mgr. 142. gr. Vísar stefnandi í því sambandi til meginreglu skaðabótaréttar og almennu sakarreglunnar, en skilyrði hennar um ólögmati og saknæmi séu uppfyllt, sem og um orsakatengsl og sennilega afleiðingu. Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem samsvari skráðu verðmæti stólanna samkvæmt kreditreikningi stefnda og beri stefnda því að bæta stefnanda það tjón.

Stefnandi mótmælir varakröfu stefnda er byggji á 144. gr. gjaldþrotaskiptalaga, en þar sé um undantekningarreglu að ræða sem skýra beri þröngt. Ekkert sé vitað um ástand umræddra stóla í dag og ekki liggi fyrir hlutlaust mat á verðmæti þeirra, en notaðir lausafjármunir af þessu tagi rýrni hratt í verðmæti. Skilyrði 144. gr. séu því ekki fyrir hendi, en stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því hvort og þá hvaða verðgildi stólarnir hafi í dag. Á sama grunni mótmælir stefnandi þrautavarakröfu stefnda.

### III.

Stefndi reisir sýknukröfu í fyrsta lagi á því að málatilbúnaður stefnanda grundvallist á því að ráðstöfun hinna umþrættu 149 stóla hafi ekki verið framkvæmd af þrotamanni. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki fyrir hendi það grunnskilyrði XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga að um sé að tefla „riftun ráðstafana þrotamanns“ og beri því að sýkna stefnda. Vísar stefndi í þessu sambandi til þess að ítrekað komi fram í lýsingu málsatvika og málsástæðna í stefnu að stefndi hafi sjálfur sótt umrædda stóla og hafi sú afhending ekki verið fyrir atbeina fyrirsvarsmanna Skelfiskmarkaðarins. Telur stefndi að þessi málatilbúnaður stefnanda helgist af því að hann vilji ekki að upplýst verði að sömu fyrirsvarsmenn hafi afhent stefnda stólanna, enda fælist í slíkri afhendingu viðurkenning á eignarréttarfyrirvara stefnda.

Þá krefjist stefnandi riftunar á útgáfu 6.719.095 króna kreditreiknings, en að mati stefnda sé ljóst að útgáfa kreditreikningsins sé ekki ráðstöfun þrotamanns sem sé riftanleg samkvæmt XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga, enda reikningurinn útgefinn af stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu einnig á því að um stólana hafi gilt eignarréttarfyrirvari sem varinn sé af 42. gr. laga nr. 75/1997 og þurfi ekki gagnkvæman skriflegan samning samkvæmt 38. gr. Reikningur stefnda nr. 3949 á dómskjali 18 uppfylli engu að síður öll skilyrði 38. gr. til að teljast fullgilt söluveð. Er í því sambandi áréttað að Ágúst Reynisson fyrirsvarsmáður hins gjaldþrota félags hafi kvittað fyrir afhendingu stólanna til stefnda á umrætt afrit reikningsins og þannig samþykkt söluveð stefnda í samræmi við þar skráðan eignarréttarfyrirvara. Stefnandi hafi fallið frá því að leiða Ágúst fyrir dóm vegna málsins

og beri hallann af því. Sökum þess beri að leggja dómskjal 18 til grundvallar. Þá hafi Ágúst og aðrir fyrirvarsmenn staðfest sömu veðsetningu við skýrslugjöf hjá skiptastjóra og standi skýrslan óhöggud. Að gættum þessum atriðum beri að líta svo á að afhending stólanna til stefnda hafi falið í sér viðurkenningu á nefndum eignarréttarfyrrvara, samþykki fyrir gildu söluveði samkvæmt 42. gr. laga nr. 75/1997, sbr. og III. kafla laganna í heild, staðfestingu á riftun kaupanna og rétti stefnda til að fá stólana til baka. Hafi stefndi þannig verið í fullum rétti til að veita stólunum viðtöku og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda.

Stefndi telur að líta beri á afhendingu stólanna til hans sem skuldajöfnun og hafi riftunarsjónarmið 4. mgr. 38. gr. laga nr. 75/1997 enga þýðingu þegar um þrotabú sé að ræða og lýsingu krafna í búið, enda hafi veðsalinn staðfest rétt stefnda til endurheimtu stólanna við skýrslugjöf hjá skiptastjóra.

Nái riftunarkrafa fram að ganga er á því byggt að stefnandi hafi ekki sannað tjón af völdum afhendingar stólanna til stefnda. Um notaða stóla sé að ræða, þeir því verðlitlir og hefði skiptastjóri aldrei getað selt þá fyrir annað en smápeninga. Þá sé ósannað að staða stefnanda verði verri ef stefndi myndi nú skila stólunum til hans. Er varakrafa stefnda á þessu reist, en samkvæmt henni beri að sýkna stefnda af endurgreiðslukröfu stefnanda gegn því að hann skili þeim 149 stólum sem hann fékk afhenta. Kröfunni til stuðnings vísar stefndi til 144. gr. gjaldþrotaskiptalaga, en stólunum hafi hann haldið sérgreindum í góðri geymslu og séu þeir í nákvæmlega sama ástandi og þegar stefndi fékk þá afhenta.

Þrautavarakrafa stefnda um lækkun dómkrafna er studd framangreindum rökum og vísað til þess að verðmæti notaðra lausafjármuna eins og hér um ræðir rýrni hratt. Stefndi hafi metið afföll stólanna 50% vegna notkunar en í raun séu afföllin mun meiri. Verði fallist á kröfur stefnanda sé útilokað að hann fái hærri fjárhæð fyrir stólana en þá sem stefndi mat við útgáfu kreditreiknings 25. mars 2019.

#### IV.

Ágreiningslaust er að Skelfiskmarkaðurinn ehf. keypti af stefnda þá 149 stóla sem mál þetta lýtur að 14. ágúst 2018, að samkvæmt útgefnum reikningi nr. 3949 skyldu stólarnir vera eign stefnda uns þeir væru að fullu greiddir og að á þeim grunni hafi stefndi tekið stólana til baka eftir lokun Skelfiskmarkaðarins í mars 2019.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð er heimilt í tengslum við sölu lausafjár að semja um veðrétt í hinu selda til tryggingar kröfu seljanda til endurgjalds

ásamt vöxtum og kostnaði. Ákvæðið byggir á því að aðilar semji beinlínis um söluveðrétt í samningi sín á milli og getur seljandi þannig ekki áskilið sér einhliða söluveð í hinu selda, sem í felist eignarréttarfyrirvari, svo bindandi sé fyrir kaupanda.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. sömu laga er það skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda. Krafa um að söluveðssamningur sé skriflegur felur í sér að hann skuli vera undirritaður af báðum aðilum, svo sem áréttað er í athugasemdum við frumvarp til 38. gr.

Í 4. mgr. 38. gr. er kveðið á um þau úrræði sem seljanda standa til boða ef vanskil verða á greiðslu krafna samkvæmt 35. gr. Að því leyti sem hér skiptir máli segir í 2. málslíð 4. mgr. að hafi seljandi rift söluveðssamningi á grundvelli almennra reglna geti hann krafist afhendingar hins veðsetta úr hendi kaupanda. Af fyrirliggjandi gögnum þessa máls er ekkert sem veitir vísbendingu um að stefndi hafi rift kaupum hins gjaldþrota félags á stólunum 149, hvort heldur áður, samtímis eða eftir að stefndi tók stólana til sín í mars 2019. Þegar af þeirri ástæðu nýtur endurheimt stólanna með greindum hætti ekki réttarverndar laga nr. 75/1997.

Stefndi teflir því fram að eignarréttarfyrirvari sá er hann áskildi sér í stöðluðu ákvæði reiknings nr. 3949 sé varinn af 42. gr. laga nr. 75/1997. Þar segir að hafi seljandi áskilið sér eignarrétt í hinu selda þar til kaupverð er að fullu greitt eða hann áskilið sér að taka hlutinn við greiðslufall kaupanda skuli með slíkan samning farið eins og um söluveðssamning sé að ræða. Af athugasemdum í frumvarpi til 42. gr. er einsætt að ákvæði 35. og 38. gr. laganna gilda fullum fetum um samninga samkvæmt 42. gr.

Í máli þessu ber að leggja til grundvallar sölureikning stefnda nr. 3949 eins og hann birtist á dómskjöllum 3 og 21. Reikningurinn er óundirritaður og telst þegar af þeirri ástæðu ekki gildur söluveðssamningur í skilningi laga nr. 75/1997. Breytir engu í því sambandi þótt Ágúst Reynisson fyrirvarsmaður hins gjaldþrota félags hafi síðar einn áritað samþykki sitt á afrit sama sölureiknings á dómskjali 18.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing stefnda í bréfi lögmanns hans 17. maí 2019 um að fyrirvarsmenn hins gjaldþrota félags hafi afhent stefnda stólana í mars 2019. Samrýmist þetta yfirlýsingu Ágústs Reynissonar fyrirvarsmanns félagsins í desember 2019 um að stefndi hafi farið þess á leit við félagið að það skilaði stólunum til stefnda á grundvelli eignarréttarfyrirvara og að Ágúst eða fólk á hans vegum hafi fallist á þetta og beðið eiganda húsnæðisins að hleypa stefnda inn til að taka stólana 149. Var þá búið að loka

Skelfiskmarkaðinum og fór leigusalinn einn með lyklavöld að húsnæðinu. Að gættum þessum atriðum er haldlaus sú viðbára stefnda að afhending stólanna til stefnda hafi ekki falið í sér ráðstöfun þrotamanns í skilningi XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga.

Samkvæmt framansögðu verður sú ráðstöfun sem fólst í afhendingu á stólunum til stefnda nokkrum dögum fyrir frestdag 29. mars 2019 talin greiðsla upp í skuld hins gjaldþrota félags við stefnda. Greiðsla skuldar með þessum hætti telst án nokkurs vafa greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga og getur með engu móti talist venjuleg eftir atvikum. Er því reyndar ekki haldið fram af hálfu stefnda. Ber því að fallast á riftunarkröfu stefnanda á grundvelli 1. mgr. 134. gr.

Sú ákvörðun stefnda að gefa út 6.719.095 króna kreditreikning til hins gjaldþrota félags í kjölfar ofangreindrar greiðslu á skuld er ekki riftanleg ráðstöfun í skilningi XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga. Hefur þetta atriði þó engin áhrif á riftanleika greiðslunnar.

Í málinu nýtur ekki annarra gagna um verðmæti stólanna á afhendingardegi en 6.719.095 króna verðmats stefnda samkvæmt útgefnum kreditreikningi. Að þessu gættu og með vísan til 1. mgr. 142. gr. gjaldþrotaskiptalaga telst tjón stefnanda sömu fjárhæðar og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð, enda svarar hún til þess sem greiðsla þrotamanns varð stefnda að notum. Samkvæmt þeirri niðurstöðu er hvorki fallist á röksemdir stefnda fyrir skilum á stólunum til stefnanda né að til álita komi að lækka fjárkröfu hans. Vaxtakröfu stefnanda er ekki mótmælt af hálfu stefnda. Að því gættu skal fjárkrafan bera skaðabótavexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. mars til 24. júní 2019, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar. Í málinu liggur fyrir sundurliðað málskostnaðaryfirlit stefnanda, að fjárhæð krónur 2.731.875 með virðisaukaskatti, sem ekki hefur verið mótmælt af hálfu stefnda. Að gættu þessu yfirliti og með hliðsjón af eðli og umfangi máls þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 1.600.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Rift er greiðslu 6.719.095 króna skuldar Skelfiskmarkaðarins ehf. við stefnda Bitter ehf. sem fram fór með afhendingu 149 stóla í mars 2019.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Skelfiskmarkaðarins ehf., 6.719.095 krónur með skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. mars til 24. júní 2019, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.600.000 krónur í málskostnað.

Jónas Jóhannsson